

Ásta Bryndís Schram, dósent og kennsluþróunarstjóri HVS/ kennsluráðgjafi Kennslumiðstöðvar
Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri fjarnáms og stafrænnar kennslu MVS og aðjúntkt FVS
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor FVS og umsjónarkennari námskeiðs

Ágrip

„Hafði á tilfinningunni að henni væri umhugað um að maður lærði.“ Hvaða þættir hafa áhrif á upplifun nemenda af umhyggju kennara og myndun tengsla milli nemenda og kennara á námskeiði í netheimum?

Nám í gegnum netið hefur aukist mikið og mun líklega aukast enn meira á næstu árum, ekki síst í kjölfar reynslu síðustu tveggja ára (COVID) sem voru full af áskorunum en einnig lærdómstími. Ekki vannst þó alltaf tími til að leggja kennslufræðilegan grunn þegar námskeið voru færð úr staðnámi í netheima, en margt ber að athuga við þá breytingu.

Ein af þeim áskorunum sem kennarar standa frammi fyrir, ekki síst þegar þeir kenna á netinu, er að skapa góð tengsl milli sín og nemenda sinna, skapa gott andrúmsloft þar sem nemendur eru öruggir, þora að spyrja spurninga og upplifa að kennaranum sé umhugað um að þeim gangi vel. Rannsóknir sýna sterk tengsl milli slíks kennsluumhverfis og áhugahvatar. Áhugahvöt virkjar síðan nemendur í námi og er því forsenda þess að nám fari fram. Rannsóknir um hvernig slík upplifun nemenda verður til í stafrænu umhverfi eru þó fáar.

Í samstarfi við umsjónarkennara námskeiðs (og meðhöfund okkar) notuðum við blandaða aðferðafræði (spurningalista, rýnihópa og viðtal) til að skoða upplifun nemenda í námskeiði á Félagsvísindasviði sem hafði verið fært í netheima 2019. Námskeiðið hafði þróast úr staðnámi í blendingsnám sem umsjónarkennari taldi að skilaði ekki nægilega góðum árangri. Spurningalisti var sendur til nemenda námskeiðsins haustin 2019 (pilot), 2020 og 2021. Í spurningalistanum voru bæði sannprófaðir kvarðar, meðal annars um upplifun nemenda af umhyggju kennara og trú þeirra á að þeir gætu náð árangri, auk stakra spurninga. Svarhlutfall var 54% en 172 nemendur af 318 svöruðu könnuninni (2020 og 2021). Auk þess var rætt við sjálfboðaliða í þremur rýnihópum og viðtal tekið við umsjónarkennara námskeiðs.

Niðurstöður sýndu að skýrt skipulag, leiðbeiningar, hvetjandi tölvupóstur og önnur rafræn samskipti, svo sem á umræðuþræði, urðu til þess að nemendur upplifðu að kennara væri ekki sama um þá og árangur þeirra í námi. Auk þess átti ákveðin tengslamyndun sér stað, þar sem mörgum nemendum fannst þeir þekkja kennarann í lok námskeiðs þótt þeir hefðu aldrei hitt hann (hana) og töldu það meðal annars vera vegna persónulegrar og léttrar framkomu í vel gerðum myndböndum, þar sem andlit kennara var sjáanlegt, auk tíðra rafrænna samskipta.

Við ályktum að gott skipulag byggt á kennslufræðilegum grunni, vel unnin myndbönd þar sem kennari talar á léttum og persónulegum nótum og tíð samskipti með ýmsum leiðum hafi mikil áhrif á það hvort nemendur upplifi að kennara sé umhugað um námsgengi þeirra og einnig trú nemenda á að þeir geti náð árangri í námskeiðinu sem eru mikilvægir þættir tengdir áhugahvöt. Í erindinu verður þessum áhrifaþáttum tengslamyndunar lýst nánar.